

Dómari sá, er málið dæmir, fór með rannsókn þess í júnímánuði 1959. Að öðru leyti hefur hann ekki haft af því afskipti, fyrr en nokkru eftir að það var dómtekið.

Dómsorð:

Ákærði Böðvar Ámundason sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Guðmundur Stefán Gíslason greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 15 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Hann er sviptur ökuréttindum í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Böðvar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 2000.00. Allan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. febrúar 1962.

Nr. 144/1961. **Áslaug Snorradóttir og Ásdís Jóhannesdóttir**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Þorvaldi Jósefssyni

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skýring á ábúðarlögum. Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Valgarð Briem setufógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1961 og krafizt þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir fógeta að bera stefnda út af jörðinni Efranesi í Stafholtstungum og svo

að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Stefndi fluttist samkvæmt samningi við áfrýjendur að Efranesi vorið 1960 með búfenað sinn og hóf þar búrekstur á mestum hluta jarðarinnar. Áfrýjendum var eigi rétt að tímabinda ábúð stefnda á jörðinni, sbr. 3. og 9. gr. ábúðarlaga nr. 8 frá 1951 og nú 3. og 9. gr. ábúðarlaga nr. 36 frá 1961. Að svo vöxnu máli og þar sem áfrýjendur hafa eigi fært fram nein tilvik eða sakir, sem mega samkvæmt 10. gr. laga nr. 8 frá 1951 og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 36 frá 1961 eða öðrum ákvæðum laga þessara leiða til útburðar á hendur stefnda, ber að staðfesta úrskurð fógeta að niðurstöðu til.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður fyrir fógetaðómi og Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir fógetaðómi og Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaðóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 15. ágúst 1961.

Gjörðarbeiðendur, Áslaug Snorradóttir og Ásdís Jóhannesdóttir, Silfurteig 2 í Reykjavík, eigendur jarðarinnar Efranes í Stafholts-tungum, krefjast þess, að Þorvaldur Jósefsson verði borinn út af nefndri jörð.

Gjörðarþoli mótmælir því, aðallega að útburðarbeiðnin nái fram að ganga í réttinum, en til vara, að sér verði heimiluð ábúð á jörðinni til næstu fardaga gegn greiðslu eftir mati samkvæmt 7. gr. ábúðarlaganna. Enn fremur er krafizt málskostnaðar.

Mótmæli sín byggir gerðarþoli á því, að sér hafi ekki verið sagt upp afnotum af Efranesi. Þvert á móti hafi sér verið boðin áframhaldandi afnot af jörðinni.

Telur gjörðarþoli, að það af gæðum jarðarinnar, sem leiguréttur hans náði ekki til, hafi verið svo óverulegt, að í eðli sínu hafi verið um venjulega ábúð að ræða, enda hafi hreppstjóri og odd-

viti sveitarinnar, sem jafnframt eru úttektarmenn hennar, báðir litið svo á, að afnotum gjörðarþola af jörðinni mætti jafna við ábúð.

Telur gjörðarþoli, að af landi því, sem samningur hans við gjörðarbeiðendur frá 12. apríl 1960 og leiguyfirlýsing þeirra frá 6. júní s. á. nái ekki til af jörðinni, komi aðeins 15—20% af heying hennar. Þá telur gjörðarþoli, að með því að kalla rétt sinn til dvalar á jörðinni húsmennsku, en ekki ábúð, í samningi frá 12. apríl 1960, hafi gjörðarbeiðendur einungis viljað skjóta sér undan ákvæðum ábúðarlaganna. Enginn annar hafi verið búandi þar á jörðinni síðasta árið, og hann því ekki í húsmennsku hjá neinum, enda ekki fylgt lögbundnum reglum um útgáfu húsmenskubréfs.

Gjörðarþoli mótmælir því, að hann hafi nokkru sinni neitað að fara af jörðinni, ef annar ábúandi kæmi þangað, enda hafi þess ekki verið krafizt fyrr. Þvert á móti telur hann, að gjörðarbeiðendur hafi boðið honum áframhaldandi dvöl á jörðinni eftir síðustu fardaga, og hafi nýr samningur þar að lútandi verið undirbúinn og drög að honum lesin í heyrandi hljóði að Efranesi í júní s.l. Hafi hann þá gert tilboð í leigu jarðarinnar og oddviti hreppsins boðið fram persónulega ábyrgð sína á greiðslu afgangaldsins. Telur gjörðarþoli, að við því tilboði hafi hann ekki fengið svar, og hafi því verið áfram á jörðinni í góðri trú um, að hann væri þar ekki að óvilja gjörðarbeiðenda. Með því að tilboði hans hafi ekki verið hafnað, enginn annar ábúandi hafi gefið sig fram, né sér borizt tilkynning um, að hann væri væntanlegur, telur gjörðarþoli, að hann hafi haft þegjandi samþykki gjörðarbeiðenda til áframhaldandi dvalar á jörðinni.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum málflytningi hinn 11. þ. m.

Fyrir liggur í málinu sem réttarskjal nr. 3 samningur aðilja svohljóðandi:

Áslaug Snorradóttir og Ásdís Jóhannesdóttir, Silfurteig 2, Reykjavík, og Þorvaldur Jósefsson, Hamraendum, Stafholtstungum, gera með sér eftirfarandi samning:

Ásdís og Áslaug leyfa Þorvaldi húsmennsku á jörð sinni, Efranesi, frá undirritun samnings þessa til fardaga 1961. Þorvaldur hefur afnotarétt af húsum jarðarinnar og nýttjar af túni, sem er norðan og vestan sýsluvegarins.

Enn fremur hefur hann rétt til beitar í høgum jarðarinnar fyrir fénað sinn. Þorvaldur greiðir með því, að hann leggur til alla

vinnu við girðingu, sem jarðeigendur óska eftir og þær leggja til. Verður það ýmist nývirki eða vönduð viðgerð á eldri girðingu eftir vali jarðeigenda. Nýja girðingin skal vera það vel úr garði gerð, að hún sé styrkhæf. Enn fremur greiðir Þorvaldur gjöld af síma og rafmagni og heldur uppi fjallskilum af jörðinni fardaga-árið 1960—1961.

Jarðeigendur lofa að kosta niðurstetningu á vatnslósetti í kjallara íbúðarhússins og kosta festingu á asbestplötum þeim, er þær eiga á staðnum, í loft kjallarans.

Reykjavík, 12. apríl 1960

Ásdís Jóhannesdóttir sign.

Áslaug Snorradóttir sign.

Þorvaldur Jósefsson sign.

Vottar:

Snorri Jóhannesson sign.

Páll Guðjónsson sign.

Rétturinn lítur svo á, að leiguréttur sá, sem gjörðarþoli öðlaðist með ofangreindum samningi og yfirlýsingu gjörðarbeiðenda frá 6. júní 1960, jafngildi ekki ábúðarrétti í skilningi ábúðarlaga 8/1951 og 36/1961 og gjörðarþoli geti ekki byggt rétt sinn til áframhaldandi leigu jarðarinnar á því atriði.

Oddviti hreppsins hefur staðfest, að hann hafi í júnímánuði s.l. boðið fram ábyrgð sína persónulega eða hreppsins á leigu þeirri, kr. 18000.00 á ári, sem gjörðarþoli bauð gjörðarbeiðendum, þegar áframhaldandi dvöl hans og fjölskyldu hans var rædd, en hann tekur jafnframt fram, að tilboðið um ábyrgð á greiðslu leigunnar hafi verið háð því skilyrði, að því yrði svarað strax.

Því er ómótmælt af hálfu gjörðarbeiðenda, að til greina hafi komið, að þeir leigðu gjörðarþola jörðina áfram, eftir að samningurinn frá 12. apríl 1960 var útrunninn í fardögum 1961.

Því er enn fremur ómótmælt, að af þeirra hálfu hafi uppkast verið gert af framhalds-leigusamningi og það lesið upp að Efranesi í júníbyrjun 1961.

Gjörðarbeiðendur hafa ekki tilnefnt neinn ábúanda, sem taka myndi við jörðinni við brottför gjörðarþola af henni.

Ábúðarlögin nr. 8/1951 og nr. 36/1961 miða að því, að byggilegar jarðir séu nytjaðar, og leggja í þeim efnum þungar skyldur á jarðeigendur.

Þótt ekki verði á það fallizt, að framkoma gjörðarbeiðenda hafi ein gefið gjörðarþola ótvíræða ástæðu til að ætla, að gjörðarbeiðendur óskuðu áframhaldandi dvalar hans á jörðinni, verður þó að

líta svo á, að hann hafi mátt búast við, að dvöl hans þar yrði ekki þeim móti skapi, fyrr en gjörðarbeiðendur hefðu annan ábúanda á jörðina. Þó ber og á það að líta, að gjörðarbeiðendur létu rúmlega mánuð líða fram yfir fardaga, án þess að hafast að um að losa jörðina, og gáfu, að því er virðist, engin ákveðin svör við tilboði gjörðarþola um framhaldsleigu jarðarinnar.

Ekki verður séð, að dvöl gjörðarþola á jörðinni Efranesi til næstu fardaga geti skaðað gjörðarbeiðendur, meðan annar ábúandi er ekki tilbúinn til að taka við henni. Hins vegar myndi útburður gjörðarþola og fjölskyldu hans af jörðinni á þessum tíma árs skaða gjörðarþola tilfinnanlega og vera andstæður hagsmunum hreppsfélagsins og þeim anda, sem fram kemur í ábúðarlögunum.

Því úrskurðast:

Synjað er um útburð gjörðarþola af jörðinni Efranesi.
Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 9. febrúar 1962.

Nr. 180/1959. **Árni Klemens Hallgrímsson**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

**Oddvita Vatnsleysustrandarhrepps f. h.
hreppsins og gagnsök**

(Vilhjálmur Árnason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa um bætur vegna átroðnings af umferð um land.

Dráttarvextir af útsvarsskuld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. mán. Eru kröfur hans þessar hér fyrir dómi:

1. **Í aðalsök í héraði:** Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 16.683.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. september 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði að skaðlausu.